

Sb.

126. Fyrirspurnir.

[105. mál]

I. Til forsætisráðherra um friðun Þingvalla.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Með tilvísun til þingsályktunar, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 18. apríl 1968, er spurt:

1. Hvað dvelur eða hversu miðar endurskoðun laga nr. 59 1928, um friðun Þingvalla?
2. Hafa nýbyggingar sumarbústaða einstaklinga á Þingvallasvæðinu verið leyfðar eða reistar, frá því að þingsályktunin var samþykkt?

II. Til sjávarútvegsráðherra um endurbætur vegna hraðfrystiiðnaðarins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað er talið, að þær miklu endurbætur, sem nauðsynlegar verða í hraðfrystiiðnaði landsmanna á næstu árum vegna hinna ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum, muni kosta:
 - a) frystihúsin sjálf og samtök þeirra,
 - b) sveitarfélögin?
2. Hvenær er gert ráð fyrir því, að ýtarlegar áætlanir um endurbætur á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna muni liggja fyrir?
3. Hvenær er gert ráð fyrir því, að umræddum endurbótum verði að vera lokið?
4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að útvega fjármagn til umræddra endurbóta, bæði á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna?
5. Er ráðgert að efla þá leiðbeiningarstarfsemi, sem tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði hefur komið á fót?

III. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsviðgerðir.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvað getur iðnfræðslukerfið gert til að bæta úr brýnni þörf á kunn-
átumönnum á sviði sjónvarpsviðgerða?

IV. Til menntamálaráðherra um íþróttamannvirki skóla.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Er ætlunin að breyta þeim reglum, sem nú gilda um stærð íþróttamannvirkja við skóla, þannig, að þau séu miðuð við þarfir skólans og íbúa í næsta nágrenni?
2. Er ekki eðlilegast að miða stærð íþróttamannvirkja við það, að þau fullnægi eðlilegum kröfum um keppnisaðstöðu í sem flestum íþróttgreinum?
3. Er ekki nauðsynlegt, að ríkið leggi fé til byggingar sundlauga við skóla á sama hátt og til annarra íþróttamannvirkja?
4. Er ekki nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu um það, hve mörg íþróttahús, sem fullnægja alþjóðakröfum um stærð til keppni í t. d. handknatt-leik, skuli reist á næstunni?